

Sp.

282. Tillaga til þingsályktunar

um ráðstöfun nokkurs hluta atvinnubótafjár.

Flm.: Jón A. Jónsson.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að greiða, án tillags frá hlutaðeigandi sveitarfélagi, af atvinnubótafé því, sem veitt er í fjárlögum ársins 1937, til sjómanna, ráðinna upp á hlut af afla á þorskveiðum og kolaveiðum, á bátum frá Bolungavík, Hnífsdal og Álftafirði í Norður-Ísafjarðarsýslu, það sem kann að skorta á, að þeir hafi haft að meðaltali 150 króna mánaðarhlut á tímabilinu frá 1. apríl til 1. september 1937, enda fari hlutaskipti fram eftir sömu reglum, sem gilt hafa undanfarnar vertíðir, og skipverjar ekki fleiri á bát hverjum en venja er.

Ástæður.

Nú undanfarin þrjú ár hefir afli brugðizt alveg óvenjulega, svo að árshlutir sjómanna munu að meðaltali hafa þessi nefndu ár verið um 400 krónur. Það sem af er yfirstandandi ári er ástandið engu betra.

Nú er svo ástatt á þeim stöðum, sem tillagan fjallar um, að ekki er hægt að stunda aðra atvinnu, nema þá óarðbæra atvinnubótavinnu. Hinsvegar veita fiskveiðarnar mikla atvinnu í landi og ríkissjóði og hreppsfélögum margskonar tekjur, og gefa mikinn erlendan gjaldeyri í þjóðarbúið umfram það, sem fer til kaupa á erlendum vörum til útgerðarinnar.

Það mun öllum ljóst, að sjómenn (hlutarmenn) geta ekki með neinu móti komizt af með þær tekjur, sem að framan er greint, þegar svo gengur um fleiri ára skeið. Þess vegna er það engan veginn ósannjarnt, að þeir nú geri lágmarkskröfur um tryggingu yfir nokkurra mánaða skeið, eins örpindir og þessir menn eru eftir undanfarandi vandræðaástand.

Útgerðarmenn hafa í nokkrum tilfellum tryggt sjómönnum lágmarkshlut stuttan tíma, en nú er svo komið, að útgerðarmenn eru þess ekki megnugir að greiða eða tryggja sjómönnum lágmarksgreiðslu þá, sem hér er farið fram á, því þeir hafa undantekningarlaust tapað svo á útgerðinni á nefndu tímabili, að þeir eru eignalausir, eða þá því sem næst. Hinsvegar verð ég að telja, að það sé ólíkt skynsamlegra að verja einhverju af því fé, sem veitt er til atvinnubóta, til þess að styðja að framleiðslustarfsemi, ekki sízt þegar svo stendur á, að ekki verður haldið uppi framleiðslustarfseminni, vegna óvenjulegra fyrirbrigða, á einhverjum tíma. Þessi tillaga felur ekki í sér neitt fordæmi um beinan styrk ríkissjóðs til þessa atvinnurekstrar, heldur er hér farið fram á, að einhver hluti þess fjár, sem úr ríkissjóði er veitt til atvinnubóta, verði, ef þetta vandræðaástand heldur áfram á nefndum stöðum, veittur sem stuðningur til þeirra verkamanna — sjómanna, sem vinna fyrir hlut, — sem um áraskeið hafa haft langminnstar tekjur allra vinnandi manna á þessum stöðum.

Um það, hvert framlag ríkissjóðs yrði af þessari ráðstöfun, er ekki hægt að fullyrða með vissu, en eftir því, sem verið hefir undanfarin ár, mundi þetta ná til um 180 skipverja á tímabilinu 1. apríl til 15. júní og um 100 frá 15. júní til 1. september. Væri svo, að meðalhlutir yrðu 75 krónur á mánuði, gæti þetta orðið 40–50 þús. krónur. Verði ekkert gert til úrbóta, má óhætt fullyrða, að styrkur til þessara manna og annara, sem atvinnu mundu missa við það, yrði langt um meiri, og er þá ekki talið það tap á erlendum gjaldeyri og öðrum verðmætum, sem stöðvun fiskveiðanna á nefndum stöðum hefði í för með sér.